

Reykjavík,
15. ágúst 2019

Svandís Svavarsdóttir
Heilbrigðisráðherra
Heilbrigðisráðuneytinu Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Stjórn Landssamtakanna Geðhjálpar skorar á heilbrigðisráðherra að skipa fulltrúa notenda og/eða notendasamtaka í starfshóp til að meta hvort þörf sé á mótun frekari leiðbeininga um útfærslu þvingunarúrræða gagnvart nauðungarvistuðu fólki á Íslandi en felast í gildandi lögræðislögum.

Í frétt á vef stjórnarráðsins um skipun starfshópsins kemur fram að telji hópurinn þörf á frekari leiðbeiningum sé honum ætlað að gera tillögu um form og helstu efnisákvæði slíkra leiðbeininga. Engir fulltrúar notenda og/eða notendasamtaka eru í starfshópnum.

Geðhjálp hefur unnið ötullega að hagsmunamálum fólks með geðrænan vanda og aðstandenda þess í fjörutíu ár. Eitt af helstu baráttumálum samtakanna hefur verið að draga úr hvers kyns þvingunarúrræðum gagnvart fólki með geðræn veikindi.

Stjórn samtakanna leggur áherslu á að hlustað sé á rödd notenda í stefnumótun á þessu sviði. Með hliðsjón af því er skorað á heilbrigðisráðherra að endurskoða skipun ofangreinds starfshóps til að tryggja aðkomu notenda að stefnumótuninni.

Geðhjálp lýsir sig reiðbúna til að tilnefna fulltrúa í starfshópinn og/eða aðstoða hópinn með öðrum hætti við fyrirbyggjandi verkefni enda búa samtökin yfir yfirgripsmikilli þekkingu á árangursríkum leiðum til að draga úr þvingun í þjónustu.

Með bestu kveðju og von um jákvæð viðbrögð.

Virðingarfyllst fyrir hönd stjórnar Geðhjálpar,

Einar Þór Jónsson

